



Drangar á Ströndum

Greinargerð um framkomnar athugasemdir á kynningartíma tillögu að friðlýsingu Dranga

Tillaga að friðlýsingu Dranga á Ströndum sem óbyggt víðerni í samræmi við 46. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (nvl.) var lögð fram til kynningar þann 24. ágúst 2021. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var til og með 25. nóvember 2021.

Tillagan var send landeigendum/rétthöfum og samráðs- og hagsmunaaðilum sem málið gæti varðað og réttur til bóta var kynntur, upplýst var hvar tillögun væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á vef Umhverfisstofnunar og Facebook síðu Umhverfisstofnunar.

Alls bárust erindi, þ.e. athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir, frá 8 aðilum á kynningartíma tillögunnar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að friðlýsingarskilmálum í kjölfar kynningarferlisins.

Athugasemdir	Svör Umhverfisstofnunar
<p>Landeigandi Dranga</p> <p>Landeigandi óskaði eftir að eftirfarandi kæmi fram í 12. gr. tillögunnar:</p> <ul style="list-style-type: none">- Að framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að tryggja öruggt og greitt aðgengi frá sjó séu heimilar.- Að framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til öflunar raforku fyrir svæðið séu heimilar.	<p>Umhverfisstofnun átti fund með fulltrúum landeiganda þann 25. nóvember sl. til að fara yfir beiðni landeiganda.</p> <p>Hvað varðar aðgengi frá sjó gerir 4. mgr. 12. gr. tillögunnar nú þegar ráð fyrir að framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að tryggja aðgengi frá sjó séu heimilar, þ.e. að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, enda sé sérkennum og verndargildi svæðisins ekki raskað. Fulltrúar landeiganda töldu í ljósi þessa ekki þörf á breytingu hvað það varðar. Hvað varðar öflun raforku kom fram hjá fulltrúum landeiganda að vilji þeirra standi til þess að þörf á rafmagnsframleiðslu og húshitun geti verið mætt með framleiðslu rafmagns úr smávirrkjun í Húsaá eða lækjum sem falla í hana, og að notkun á jarðefnaeldsneyti hætti samhliða því.</p>

	<p>Bent var á að framkvæmdin hafi mögulega jarðrask í för með sér en á hinn bóginn verði að telja jákvætt að hverfa frá notkun jarðefnaeldsneytis. Umhverfisstofnun telur að með réttum vinnubrögðum verði hægt að lágmarka jarðrask og ásýnd sem kann að verða af mannvirkinu. Samstarfshópurinn telur rétt að fjallað verði nánar um slíkar framkvæmdir í stjórnunar- og verndaráætlun og gerir tillagan nú ráð fyrir því.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>Stofnunin bendir á að fella ætti út skammstöfunin „þ.m.t.“ í 5. gr. tillögunnar þar sem hún geti valdið misskilningi. Þá telur stofnunin að betur fari á því að notað sé orðalagið <i>vöktun náttúrufars</i> innan friðlýsta svæðisins í 6. gr. tillögunnar í stað „vöktun lífríkis“ og að fella þurfi út orðið friðland. Einnig leggur stofnunin til að í 1. mgr. 8. gr. tillögunnar verði fjallað um „óbyggð víðerni og landslag“ í stað „svæðisins“.</p> <p>Með vísan til þess sem kemur fram í 2. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 12. gr. tillögunnar telur stofnunin, til verndar óbyggðu víðerni, að afmarka þurfi svæði á korti þar sem framkvæmdir eða innviðaupbyggingar eru leyfðar samkvæmt gildandi deiliskipulagi en sem annars eru ekki leyfðar á friðlýsta svæðinu. Þannig megi tryggja að skilyrði um óbyggð víðerni séu uppfyllt miðað við formlegar skilgreiningar.</p> <p>Bent er á, hvað varðar umferð innan verndarsvæðisins sbr. 13. gr., að Náttúrufræðistofnun skilur ákvæðis svo á að þar til leiðir/stígar hafa verið skilgreindir í stjórnunar- og verndaráætlun sé uppbygging þeirra óheimil innan friðlýsta svæðisins. Er því sérstaklega minnt á að friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni, sbr. 46. gr. náttúruverndarlaga, áskilur að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum og að tryggja þurfi að kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Þar af leiðandi sé mikilvægt að setja takmörk á innviðaupbyggingu og umferð strax í</p>	<p>Hvað varðar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar vegna orðalags, í 5., 6. og 8. gr., þá hefur tillögunni verið breytt til samræmis.</p> <p>Hvað varðar afmörkun þess svæðis sem hefur verið deiliskipulagt er þess að geta að sjá má afmörkun og skilmála svæðisins á samþykktum skipulagsupprætti en auglýsing um samþykki deiliskipulagsins birtist í B-deild stjórnartíðinda þann 15. september sl. Uppdrátturinn verður einnig gerður aðgengilegur á heimasvæði Dranga á www.ust.is</p> <p>Tekið er undir túlkun Náttúrufræðistofnunar á 46. gr. náttúruverndarlaga. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið verður því m.a. tekið mið af verndargildi svæðisins, markmiðum friðlýsingarinnar, 46. gr. nvl. og sambærilegri skilgreiningu IUCN á óbyggðu víðerni, skv. friðlýsingarflokki Ib.</p> <p>Að beiðni Náttúrufræðistofnunar gerir 13. gr. tillögunnar nú ráð fyrir að stofnunin hafi heimild til að nota dróna við náttúrufarsrannsóknir.</p> <p>Varðandi athugasemdir um að landeigandi sé undanskilin ýmsum takmörkunum, sbr. 13. gr. tillögunnar í stað þess að metið verði hverju sinni hvaða athafnir landeiganda skuli heimilar, þótti rétt að taka tillit til þess að jörðin Drangar er í einkaeigu. Í athugasemdum við 46. gr. náttúruverndarlaga í frumvarpinu til laganna kemur fram</p>

<p>upphafi friðlýsingar, enda megi búast við því að ferðamönnum fjölgi með aukinni uppbyggingu sem getur hæglega sett markmið og verndargildi óbyggða víðernisins í hættu.</p> <p>Einnig er bent á að landeigandi er undanskilinn ýmsum takmörkunum sem settar eru fram í 13. gr. tillögunnar t.d. er varðar lendingarstað mannaðra loftfara og fjölda ferðamanna sem má flytja í land með skipum. Náttúrufræðistofnun telur heppilegra að landeiganda séu veittar undanþágur ef þörf krefur þegar sú staða kemur upp og að metið sé hvert tilfelli fyrir sig.</p> <p>Að endingu telur stofnunin að fella eigi út orðið „vargur“ í 15. gr. tillögunnar og að ekki skuli veita alhliða heimild á notkun skotvopna til refaveiða. Heldur ætti að skilgreina heimild um undanþágur t.d. þegar verja þarf æðavarp og slíkt á líklega einungis við lítinn hluta friðlýsta svæðisins. Veiðar á villtum dýrum sem ekki teljast framandi ágengar tegundir eru í ósamræmi við ákvæði 10. greinar um verndun lífríkis og að óheimilt sé að trufla dýralíf og því heppilegra að heimildir til veiða séu veittar sem undanþágur.</p>	<p>að gert sé ráð fyrir því að óbyggð víðerni séu í ríkiseigu, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og að um það náist samkomulag milli ráðherra og landeiganda. Má ætla ljóst að framangreint sé vegna þess að friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni felur í sér ýmsar takmarkanir sem ekki koma til skoðunar þegar um aðra friðlýsingarflokka er að ræða. Að teknu tilliti til þessa var, við gerð tillögunnar, leitast við að takamarka ekki rétt landeiganda, þ.á m. til farar og nýtingar á landi sínu, umfram það sem nauðsynlegt er. Bent er á að undanþáguheimildin er bundin því skilyrði að þess sé gætt í hvívetna að kyrrð og víðernisupplifun gesta verði ekki raskað að óþörfu. Þá er bent á að framkvæmdir sem þykja nauðsynlegar til að tryggja aðgengi frá sjó sem og lendingarstaðir munu falla innan samþykks deiliskipulagssvæðis.</p> <p>Hvað varðar ábendingar stofnunarinnar um orðalag 15. gr. tillögunnar þá hefur ákvæðinu verið í breytt í samræmi við þær.</p>
<p>Landssamtök hjólréiðamanna - Haukur</p> <p>Landssamtök hjólréiðamanna, LHM, telja að með 13. gr. tillögunnar (um að umferð reiðhjóna skuli aðeins heimil á skilgreindum hjólastígum) sé vikið frá ákvæði 19. gr. náttúruverndarlaga (sem kveður á um að þegar farið er á reiðhjólum um landið skuli fylgja vegum og skipulögðum reiðhjólástígum eins og kostur er), án þess að fyrir því sé rökstudd ástæða. Samtökin telja þessar takmarkanir íþyngjandi og að færa beri fram rök fyrir nauðsyn þeirra.</p>	<p>Bent er á að hvorki er að finna vegi né reiðhjólástíga á svæðinu.</p> <p>Í friðlýsingu skv. náttúruverndarlögum felst ákvörðun um vernd svæðis og henni geta fylgt takmarkanir á heimildum til framkvæmda og nýtingar og jafnvel aðgangi að svæðinu ef það er nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með friðlýsingunni (sjá hvað þetta varðar nánari umfjöllun í svari við athugasemdum SKOTVÍS hér fyrir neðan). Í þessu felst m.a. að í friðlýsingarskilmála er heimilt að setja sérreglur sem ganga framur almennum reglum.</p> <p>Þá er það áréttað, sem fram kemur í tillögunni, að friðlýsa á Dranga á Ströndum sem óbyggt víðerni, skv. 46. gr. náttúruverndarlaga. Í athugasemdum um ákvæðið í frumvarpi til laganna segir að</p>

	<p>friðlýsingarflokkurinn samsvari flokki Ib, <i>óbyggðir</i> (e. wilderness area), í flokkunarkerfi IUCN.</p> <p>Drangar eru fyrsta svæðið á Íslandi sem friðlýst er sem óbyggt víðerni og er þess vegna ekki að finna fordæmi um stjórnun slíkra svæði hérlandis. Vegna þessa var, við gerð tilögunnar, m.a. tekið mið af Hornstrandafriðlandi en friðlandinu er stýrt eins og um óbyggð víðerni sé að ræða og einnig voru hafðar að leiðarljósi þær leiðbeiningar sem settar hafa verið fram af IUCN varðandi stjórnun slíkra svæða og þeirra takmarkana sem flokkurinn áskilur. Samkvæmt leiðbeinandi reglum IUCN fellur notkun reiðhjóla undir þær mannlegu athafnir sem þykja ósamræmanlegar friðlýsingarflokknum, sjá t.d. stjórnunarleiðbeiningar IUCN varðandi óbyggð víðerni (bls. 48).</p> <p>Eins og LHM bendir á kunna takmarkanirnar að vera íþyngjand hjólreiðamönnum, þrátt fyrir að vera réttmætar skv. framangreindu. Var því ákveðið að stíga varlega til jarðar og í stað þess að banna með öllu umferð hjólandi, eins og friðlýsingarflokkurinn Ib í raun áskilur, gerir tillagan ráð fyrir því að nánar verði skoðað, við gerð stjórnunar – og verndaráætlunar fyrir svæðið, hvort að umferð reiðhjóla verði komið við án þess að hún brjóti í bága við skilyrði friðlýsingarflokksins.</p> <p>Skoðun á því hvort unnt verði að heimila umferð hjóla og legu mögulegra hjólastíga verður sett inn í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið og því getur ákvæðið staðið óbreytt í tillögunni að friðlýsingu svæðisins.</p>
<p>Skotveiðifélag Íslands (Skotvís)</p> <p>Félagið telur að fella beri út allan texta um veiðar eða veiðibann úr tillögunni. Ekki sé rétt að takmarka veiðar með friðlýsingum á grundvelli laga um náttúruvernd, enda falla vernd, friðun og veiðar fugla og spendýra undir önnur lög, þ.e. lög nr. 64/1994. Vernd, friðun og veiðum tegunda ber að</p>	<p>Bent er á að tillagan er unnin af samstarfshópi sem í áttu sæti fulltrúar landeiganda, sveitarfélagsins Árneshrepps, Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðneytisins.</p>

stýra með sjálfbærni að leiðarljósi en slíkri stýringu verði ekki náð með friðunum á einstökum svæðum og ekki er byggt á vistfræðilegum forsendum. Að mati félagsins er ólöglegt að banna veiðar nema lögmæt og málefnaleg sjónarmið tilliggi til grundvallar slíkri takmörkun. Félagið telur slíkar forsendar ekki vera til staðar og þá geti forsendan geti ekki verið ónæði af veiðum eða þá að þær samræmist ekki annarri nýtingu svæðisins s.s. umferð ferðamanna, enda ætti það þá að leiða til veiðibanns á öllu landinu. Ennfremur telur félagið það ólöglegt að beita friðlýsingu til að koma á veiðibanni landeiganda en ekkert ákvæði náttúruverndarlaga leyfi slíkt. Vilji landeigendur ekki veiða á eignarlandi sínu eða leyfa öðrum veiðar þar er þeim í lófa lagið að banna veiðar sjálfir. Til þess þarf ekki friðlýsingu. Þá bendir félagið á að friðlýsingunni sé einnig að finna kafla um friðlýsingu æðarvarps. Reglur þar um séu þegar í lögum og engum tilgangi þjóni að taka lagatexta upp í friðlýsinguna. Það sama gildi um fleiri atriði í friðlýsingunni en öllum slíkum endurtekningum ber að sleppa enda líklegt að slík ákvæði leiði frekar til ósamræmis og ruglings en skýrleika.

Þá kemur fram í athugasemdum félagsins að þrátt fyrir að það sé góðra gjalda vert að óbyggð víðerni séu vernduð til framtíðar, þá sé óþarft að flækja málin með óþarfa takmörkunum enda missi friðlýsingin skýrleika við að draga inn í hana ákvæði sem ekkert hafa með tilgang hennar að gera og eru að auki í öðrum lögum og reglum.

Að mati félagsins senda ákvæði um veiðibann þau skilaboð að sjálfbærar veiðar séu slæmar fyrir friðlýst svæði. Svo sé þó ekki. Hafi Umhverfisstofnun nú aðra skoðun á áhrifum veiða á friðlýst svæði þarf að ræða það. Það mætti gera á opnu málþingi í haust með aðkomu sérfræðinga.

Reglur um veiðar og notkun skotvopna sem settar eru fram í tillögunni endurspeglar vilja landeiganda Dranga og markmið friðlýsingarinnar.

Í friðlýsingu felst ákvörðun um vernd svæðis og henni geta fylgt takmarkanir á heimildum til framkvæmda og nýtingar og jafnvel aðgangi að svæðinu ef það er nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með friðlýsingunni. Friðlýsing getur miðað að því að viðhalda ástandi eða að ná tilteknu ástandi sem síðan er reynt að viðhalda. Í báðum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að markmið verndarinnar náist. Það er þess vegna heimilt skv. lögum um náttúruvernd að kveða á um bann við hvers konar athöfnum eða framkvæmdum sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi þess sem ætlunin er að vernda/viðhalda. Það fer síðan eftir ákvæðum fyrir viðkomandi friðlýsingarflokk og fyrir mælum auglýsingar um friðlýsingu hvaða athafnir eða framkvæmdir teljast óheimilar.

Taka má undir það að friðlýsing eigi ekki að sjálfkrafa að fela í sér veiðibann. Nefna má sem dæmi að í friðlýsingarskilmálum fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul var sérstaklega skilgreint svæði þar sem veiðar eru heimilar og í Friðlandi að fjallabaki gilda almennar reglur um veiðar.

Hér háttar svo til ekki er verið að gera breytingar á því sem áður hefur tíðkast á Dröngum hvað varðar veiði og notkun skotvopna og að vilji landeigenda stendur, hér eftir sem áður, til þess að takmarka/banna notkun skotvopna á landi sínu. Það samræmist einnig markmiðum friðlýsingarinnar sem skv. 2. gr. tillögunnar er m.a. að tryggja til framtíðar að gestir svæðisins geti notið, í kyrrð og ró, einstakrar náttúru þar sem náttúrulegir ferlar eru ríkjandi og beinna ummerkja mannsins gætir lítið eða ekkert.

<p>Upplýst er að Vegagerðin hafi farið yfir gögn er varða kynningu á tillögu að friðlýsingu Dranga og geri ekki athugasemd við hana.</p>	<p>Vegagerðinni er þakkað fyrir að taka tillöguna til skoðunar.</p>
<p>Fiskistofa</p> <p>Upplýst er að Fiskistofa geri ráð fyrir að nýting lax- og/eða silungsveiði taki ekki breytingum vegna friðlýsingar. Fiskistofa geri því ekki athugasemd við kynnta friðlýsingu.</p>	<p>Fiskistofu er þakkað fyrir að taka tillöguna til skoðunar.</p>
<p>Forsætisráðuneytið</p> <p>Í erindinu er upplýst að forsætisráðuneytið geri ekki athugasemdir við tillöguna að friðlýsingu á svæðinu. Haft hafi verið samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.</p>	<p>Forsætisráðuneytinu er þakkað fyrir að taka tillöguna til skoðunar.</p>
<p>Landgræðslan</p> <p>Landgræðslan fagnar tillögunni og markmiðum friðlýsingarinnar um að standa vörð um óbyggð víðerni og að tryggja vernd jarðminja, vistkerfa og lífríki á svæðinu. Þá vill Landgræðslan koma á framfæri að með friðlýsingunni verði leitast við að endurheimta röskuð vistkerfi, s.s. votlendi þar sem þess er kostur, einkum á ræktarlandi sem ekki er lengur í notkun. Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við tillöguna en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.</p>	<p>Landgræðslunni er þakkað fyrir skoðun tillögunnar, gagnlegar ábendingar og boð um ráðgjöf og upplýsingagjöf um atriði er lúta að verksviði hennar.</p>

Reykjavík 26. nóvember 2021
UST202001-151
09.03.